

MONITOR



FRITT
EINTAK



Verum öll vinir...

...en fáðu þér síma sem skilur þig!

Samsung Galaxy S4 hefur þann skemmtilega eiginleika að skilja okkar ástkæra ylhýra. Þannig má stjórna ýmsum aðgerðum og einnig er hægt að skrifa tölvupósta og SMS með því að tala við símann á íslensku. Fáðu þér síma sem skilur þig.

Kynntu þér málið á GalaxyS4.is



Samsung
GALAXY S4

Til hamingju með afmælið,
Guðjón Valur Sigurðsson!



**BARA GRÍN HEFST Á
FÖSTUDAGINN KL. 20:15**

BJÖRN BRAGI

Fyrstu sex: 040784
Fyndnasti íslenski þátturinn: Fóstbræður
Fyndnasti erlendi þátturinn: Seinfeld
Fyndnasta atriði í íslensku gríni: Sketsinn hans Steinda um hljóðmanninn er í miklu uppáhaldi þessa stundina.
Fyndnasti hlutur á suðvesturhorninu: Get ekki gert upp á milli. Þetta er fyndnasta landshornið.

„Það ætti að drepa þig!“

Björn Bragi tekur fyrir bestu gamanþætti Stöðvar 2 í þáttunum **Bara grín**

„Sumarið mitt hefur farið í að horfa á fyndna gamanþætti og taka viðtöl við skemmtilegt fólk. Þetta er ekki beint það leiðinlegasta sem ég hef tekið á við,“ segir sjónvarpsmaðurinn Björn Bragi Arnarsson sem stýrir nýrri þáttaröð þar sem bestu gamanþættir Stöðvar 2 eru teknir fyrir. „Það er heill þáttur tileinkaður hverjum þætti. Við tölum við nær alla sem komu að þáttunum, reynum að grafa upp sögur sem hafa ekki heyrst áður og sýnum auðvitað bestu myndbrotnin,“ segir Björn Bragi en þættirnir sem um ræðir eru Fóstbræður, 70 mínútur, Vaktarseriurnar, Stelpurnar og Steindinn okkar.

Fóstbræðrum hótad lífláti

Af þáttunum sem eru til umfjöllunar segir Björn Bragi að Fóstbræður séu í sérstöku uppáhaldi hjá sér. „Þetta eru allt góðir þættir en Fóstbræður voru náttúrlega í guðatölu þegar maður var yngri. Þegar ég var 14 ára hittum við félagarnir Þorstein Guðmundsson í Árbæjarlaug og það var stærsta stund lífs míns á þeim tíma,“ segir Björn Bragi og hlær. Hann segir það hafa komið sér á óvart að heyra meðlimi Fóstbræðra

tala um hversu miklu mótlæti þeir hafi mætt þegar þættirnir voru sýndir. „Mörgum þóttu þeir alltof grófir. Fólk hringdi gjörsamlega brjáláð upp á Stöð 2 og margir sögðu upp áskriftinni í mótmælaskyni yfir því að verið væri að sýna þessa þætti. Eftir að sketsinn um fólkid sem ætlaði að skjóta afann var sýndur fékk Jón Gnarr símtal frá konu sem var svo reið að hún sagði við hann: „Það ætti að drepa þig, helvítíð þitt!““ segir Björn Bragi og bætir við: „Það er ekkert grín að búa til grín!“

Týnda kynslóðin hættir

Undanfarna tvo vetur hefur Björn Bragi stýrt Týndu kynslóðinni, sem notið hefur mikilla vinsælda en hún verður ekki á dagskrá í vetur. „Týnda kynslóðin var mjög skemmtilegt verkefni en það er fint að breyta til reglulega og takast á við nýjar áskoranir,“ segir Björn Bragi en gefur ekkert upp um hver næstu skref hans verða. „Ég neyðist til að fara með algjöru klisju og segja að það er verið að ræða mjög spennandi hluti en of snemmt að segja frá,“ segir hann og hlær.



MÆLIR MEÐ...

FYRIR UNGA SEM ALDNA

Nú er lítið eftir af sumrinu og fer hver að vera síðastur til þess að takast á við sjálfhó og sýna því hver ræður á **golfvöllinum**.

Sumir hafa haldið því fram að golf sé fyrir gamlingja en það er rangt. Golf er fyrir alla þá sem hafa eirð eða vilja sækja sér eirð og eirðarleysið er gjarnan hjá þeim sem yngri eru. Svo er líka alls kyns græjudót sem hægt er að snobba fyrir í golfi. Þannig má auðveldlega fá trékylfu að andvirði á annað hundrað þúsund krónur. Fyrir vikið nær maður að slá nokkrum metrum lengra en sá sem keypti settið stt í BYKO en það er algjörlega þess virði. Svo eru þeir sem fara í golf yfirleitt svo smart til fara.



FYRIR MATGÆDINGA

Veitingastaðurinn **Kopar** hefur notið töluverðra vinsælda á meðal borgarbúa frá opnun síðastliðöð vor. Veitingastaðurinn er til húsa við höfnina, að Geirsgötu 3, og mælir Monitor sérstaklega með sjávarréttarisottínu.



VIKAN Á FACEBOOK



Hanna María Sigmundsdóttir
Thá er minni fyrstu Thjóðhátid að ljúka.

Hvítu tjöldin, lundaát, blysin, brennan, brekkusöngurinn, dansað, mikid hlegid, mikid gaman (=

Heimamenn og gæslan á svæðinu eiga svo stórt hrós skilid fyrir tholinmædi, hjálpsemi og hressleika allan sólahringinn. Hlakka samt mjög til að sofa í rúmi (=

5. ágúst kl. 12:24



Friðrik Ómar Hjörleifsson
Ingó stóð sig afskaplega vel og miklu betur en Árni hefur

nokkurn tíma gert - að mínu mati. Árni mætir á sviði í gær eftir Ingó með undirleik á disk og tekur þjóðsönginn.

5. ágúst kl. 13:43



Bubbi Morthens
til eru dagar sem koma kaldir og illa fyrikallaðir,

á köldum fótum finna sér leið yfir væntingar þínar. Sólin sem þú beiðst eftir allt sumarið hafði engan tíma fyrir þig, þú sást við gluggann og gáðir til veðurs dag hvern. Sumarið er tímern söngst þú, það eru til vor sem fæðast en verða aldrei sumar. Og þá hefst biðin.

5. ágúst kl. 14:03

www.facebook.com/monitorbladi

BLAÐIÐ Í TÖLUM

- 17** ára var Elín Ey þegar hún gaf út sína fyrstu plötu
- 8** stjörnur eru bornar saman í Stílnum
- 14** sinnum hafa Hins-egin dagar verið haldnir í Reykjavík
- 1** banana í náttfötum er að finna á Instagram-síðunni

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lisa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbli.is) **Forsíða:** Styrmir Kári (styrmirkari@mbli.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

Músíkalski blaðamaðurinn

Eitthvað segir mér að dagurinn í dag verði í komandi framtíð dagur sem fólk muni rifja upp sem einn af mikilvægustu dögum menningarsögu okkar Íslendinga. Þetta eru stór orð og eflaust eru einhverjir farnir að fletta blaði dagsins fram og aftur í leit að þessum mikla fjársjóði sem ég rita um.

Þó að tölublað þessarar viku sé hið ágætasta þá er það samt ekki til umræðu heldur verður dagsins í dag minnst fyrir eitthvað meira og betra. Vissulega tengist umræðuefnið Monitor á mjög skýran hátt enda ræði ég hér um mannveru sem ritar vikulega í blaðið.

Ég er að sjálfsgöðu að tala um ljúflinginn Einar Lövdahl Gunnlaugsson. Á milli þess sem hann tekur viðtöl við forsíðufyrirsætur Monitor situr hann heima hjá sér og semur melódíur á gítarinn sinn og ritar fallega íslenska texta í stílabókina sína. Textana og melódíurnar setur hann svo saman í tónverk og í dag koma

nokkur þeirra út á fyrstu geislaþlötunni sem Einar sendir frá sér.

Tímar án ráða var fyrsta lagið sem Einar gaf út og er það jafnframt nafn þlötunnar. Gripurinn inniheldur einn tug laga sem öll eru afar vel ort þó svo að Farvel verði alltaf í uppáhaldi hjá undirrituðum.

Sjálfur er Einar með þeim hógværi á þessari jörð og fer eflaust í kerfi þegar hann áttar sig á því að ég hafi skrifað um hann hér í þessum stutta pistli. En hann á það bara svo innilega skilið að um hann sé ritað enda ekki bara góður hljómlistarmaður heldur mannvera sem allir ættu að taka sér til fyrirmyndar.

Ég fagna deginum í dag og vona að þið getið gert slíkt hið sama eftir að hafa hlýtt á þlötuna. Til hamingju, Einar.

Kv. Jón Ragnar, vinur Einars



NÆSTA LANDSLIDS ÍSLANDS
Í SUNDKNATTLEIK?



ÞESSI FÉKK BARA NÓG ÞVÍ
AÐ VERA „ON A BOAT“



Meiningin ekki að komast í menningarparadís

Hersir og Hrafnkell fóru ásamt 250 útskriftarnemum Verzlunar-skóla Íslands til Costa del Sol.

Konur eru konum verstar, mælti skáldið forðum. En að öðru. Í lok maí héldu 250 útskriftarnemar úr Menntaskólanum við Kringluna í pílagrímsferð til fyrirheitna landsins, Costa del Sol. Ferðarinnar hafði verið beðið með mikilli spennu, enda var hún eina ljósið í hinu eilífa myrki sem fylgir því að yfirgefa menntaskóla.

Costa Del Sol verður seint (aldrei) kölluð menningarparadís. Það var heldur aldrei meiningin. Meiningin var að drekka messuvín og skemmta skrattanum í tvær vikur samfleytt.

Á fyrsta degi tók við mesta menningarsjokk ferðarinnar: opni hótélbarinn undir dyggri stjórn hótélstjórans Antonios, sem reyndi stöðugt að pranga viskíglösum upp á ungvíðið á hinum ýmsu tímum sólarhringsins. Það tókst honum með þryði.

Þetta menningarsjokk reyndist mörgum ofviða en strax á fyrsta kvöldi tókst einum Árbæing að tvíhandleggsbrjóta sig. Hann kvaðst ekki muna hvernig slysið atvikaðist en það er þó ekki við hann að sakast enda eru Árbæingar afar illa minnugir (og illa tenntir). Stráksi endaði því á að eyða fyrri helming ferðarinnar á „Xanit International Hospital“.

Ferðin var þó ekki eintómt sukk, (rukk) og svínarí. Til að að lifga uppá letlífíð var til dæmis boðið upp á ferðir til Gíbraltar og Marokkó. Við félagarnir skelltum okkur reyndar í hvoruga ferðina enda vorum við þegar búnir að borga fyrir mat á hótelinu fyrir alla dagana og því fráleitt að ætla eyða deginum annars staðar. Okkur skilt þó að þar hafi verið ágætt.

Við fórum hins vegar einu sinni út fyrir hótelmörkin að degi til, en þá héldum við í vatnsrennibrautagarðinn ásamt meirihluta hópsins. Þar sem undirritaðir eru báðir loft-, líf- og vatnshræddir var hápunkturinn vafalaust gömsæt hamborgaramáltíð, líklegast elduð í kringum fæðingu einræðisherrans Francos.

Ferðin hélt áfram með ýmsum uppákomum, nokkrir nemendur með brennandi áhuga á sjávarútvegi ákváðu t.d. að þrjótast inn á sædyrasafn í þeim tilgangi að stela mörgæs en það endaði með því að um það bil allt lögreglulið Suður-Spánar mætti í móttöku á hótelinu.

Undir lok ferðar fór þolinmæði hótélstarfsmanna að þrjóta endann eftir ófá „beerfest“, símaöt milli herbergja, sólbekki sem fundust fljótandi í sundlauginni á morgnana og fjölmargar kvartanir frá keðjureykjandi og huggulegum Bretum sem kunnu ekki textann við „Ég er kominn heim“ og höfðu því takmarkaðan áhuga á kvöldvökum unglambanna.

En rétt eins og kálið er ekki sopið þó í ausuna sé komið er fjörið ekki búið þó úr ferðinni sé farið. Á vefsíðunni TripAdvisor má nefnilega finna gullkorn eins og „The Icelandic Invasion of 240 teenagers“ og „yes I know they are on holiday the same as we was, but have some respect for others - also jumping in the pool naked at 12-00 at night and peeing in the gardens when people are walking past just a warning to others don't book“. Fyrir hönd hópsins biðjum við forsvarsmenn „Hotel Palmasol“ því afsökunar á framtíðar kúnna- og tekjumissi.

Ferðin var vafalaust einhver sú eftirminnilegasta sem undirritaðir hafa farið og nauðsynlegt að enda frábæra skólagöngu á tveggja vikna vitleysu áður en stokkið er fram af hengifluginu út í „LÍFÍÐ“. Við öfundum gríðarlega alla þá sem eiga eftir að njóta sömu snilldar og þökkum fyrir okkur!

-Hersir Aron Ólafsson og Hrafnkell Ásgeirsson

GREINARHÖFUNDAR, SÁ FYRSTI OG
SÁ ÞRÍDJÍ FRÁ VINSTRI



HVADA LAG ER VERIÐ AÐ SYNGJA?
NÍNU? ÉG ER KOMINN HEIM?





HELSINKI UNIVERSITY OF DESIGN

Stolt.

Heimsmeistarar í réttindum samkynhneigðra

Hvað er það besta við Hinsegin dagana? Það er frábært hvað hátíðin er fjölskylduvæn og opin, allir yndislegu sjálfbodaliðarnir sem gefa sinn frítíma og gera hátíðina að veruleika. Áhorfendurnir, fólk á öllum aldri sem mætir og sýnir stuðning, gleði og sleppir sér aðeins. Það er líka alltaf svo gott veður, meira að segja þó það rigni einstaka sinnum, þá er samt sól yfir öllum.

Er eitthvert atvik sem er þér efst í huga frá Hinsegin dögum í gegnum tíðina? Árið sem „Ég er eins og ég er“ -lagið kom út og var sungið á tónleikunum eftir gönguna og svo var blöðrunum sleppt, ógleymanlegt!

Tekur þú virkan þátt í göngunni eða ert þú áhorfandi? Oft er ég áhorfandi, svo ég missi ekki af neinu. Nú hugsa ég að ég gangi með hópi Samtakanna 78, þar sem þau eiga 35 ára afmæli.

Hvar finnst þér við Íslendingar standa í réttindum samkynhneigðra á alheimsvísu?

Lagalega og hugarfarslega mjög framarlega, ef ekki bara heimsmeistarar. Þó er enn margt sem þarf að taka fyrir.

Ef þú gætir breytt einhverju einu í dag í réttindum samkynhneigðra, hverju myndir þú breyta?

Það er erfitt að velja bara eitt atriði, en einfalt myndi ég telja að afnema algjört bann við blóðgjöf homma.

Hvað finnst þér ábótavant í viðhorfi almennings gagnvart samkynhneigðum einstaklingum?

Ég upplífi viðhorf almennings gagnvart samkynhneigðum yfirleitt jákvætt, en hinsvegar finnst mér tvíkynhneigðir og einstaklingar sem farið hafa eða eru í undirbúningi fyrir kynleiðréttingu ekki njóta sömu virðingar.

GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Fyrstu sex: 150586

Staða: Kerfisstjóri

Lag á heilanum þessa

stundina: Love it or leave

it með Asaf Avidan, mynd-

bandið er líka æðislegt!

Uppáhaldskvikmynd:

Pan's Labyrinth

Hékk baksviðs með Siggu Beinteins

Hvað er það besta við Hinsegin dagana? Þeir eru eins og stórt kærleiksrikt ættarmót þar sem við höldum upp á stoltið, menninguna og margbreytileikann. Sýnileikinn í kringum hátíðina skiptir miklu máli og það er jákvætt hversu fjölbreytt hátíðin er orðin, viðburðir sem teygja sig frá þriðjudegi yfir á sunnudag og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Er eitthvert atvik sem er þér efst í huga frá Hinsegin dögum í gegnum tíðina? Ætli það sé ekki þegar ég stend á hliðarlínu göngunnar árið 2002 nýkomin út úr skápnum og dáðist svo að fólkinu sem hafði hugrekki til að taka þátt. Ég fékk innblástur til að taka þátt og hef verið með síðan. Annað atvik var þegar það var klappað fyrir mér 2011 þegar ég tók á rás í átt að steggjahóp sem var búinn að klæða stegginn upp sem „homma“ og gerðu óspart grín að honum með setningum á borð við: „Ha, ha, auminginn, villtist inn í Gay Pride-gönguna. Er hann hommi?“ Ég hélt öran örfyrirlestur um hvaða merkingu gangan hefði fyrir hinsegin fólk, hún væri mannréttindaganga og staðfesting á stolti sem fæstum okkar reyndist auðfengið og við kærðum okkur ekki um að verið væri að hafa hana að háði og spotti með slíkum hætti.

Tekur þú mikinn þátt í undirbúningnum fyrir hátíðina?

Ég hef tekið þátt í undirbúningi Hinsegin daga í mörg ár og sinnt ólíkum verkefnum. Lengi vel var ég í söluteymi sem arkaði um miðbæinn og seldi fána og annað skraut í búðir til gluggaskreytinga. Það var mjög skemmtilegt verkefni og komst ég í tæri við marga sem allir vildu ólmir spjalla um hátíðina og þá hinsegin einstaklinga sem þeir þekktu. Ég hef líka oft verið baksviðs á sviðinu á Arnarhóli og það var ekki leiðinlegt þegar ídolið, Sigga Beinteins, var að koma fram. Ég gat montað mig á ballinu um kvöldið yfir að hafa hangið með Sigu.

Tekur þú virkan þátt í göngunni? Í ár á ég tíu ára göngu-afmæli, hef verið með síðan 2003 og get ekki ímyndað mér að sleppa úr ári. Ég tek þátt með vinum og fjölskyldu sem standa mér nær og það er gaman að deila minningunum með þeim.

Hver finnst þér mikilvægasti boðskapur hátíðarhaldanna? Við erum öll eins og við erum, eins ólík og við erum mörg en öll eigum við rétt á hamingju og virðingu.

BIRNA HRÖNN BJÖRNSDÓTTIR

Fyrstu sex í kennitölu:

091084.

Staða: Hjúkrunarfræðingur, plötusnúður og eigandi Pink Iceland.

Lag á heilanum þessa

stundina: McArthur Park

með Donnu Summer.

Uppáhaldskvikmynd: Með

allt á hreinu.

Grét af gleði í göngunni

Er eitthvert atvik sem er þér efst í huga frá Hinsegin dögum í gegnum tíðina? Vá, þau eru svo mörg en ef ég á að velja eitthvað eitt þá verð ég að segja fyrsta gangan mín, árið 2005. Ég gekk þá með ungliðahópi Samtakanna '78 og tveir strákar sem voru í hópnum hoppuðu upp á pallinn og komu út úr skápnum í miðri göngunni. Ég grét af gleði það sem eftir var af göngunni.

Tekur þú virkan þátt í Gleðigöngunni? Ég tek virkan þátt og hef gert síðastliðin 9 ár. Þetta er bara of gaman.

Hvernig ætlar þú að verja dögum? Ég ætla á opnun- arhátíðina, þá finnst mér hátíðin byrja fyrir alvöru. Svo er það bara að skreyta bilinn, redda búning og skella sér

í gönguna. Fer svo á ballið á Rúbín á laugardagskvöldið.

Hver finnst þér mikilvægasti boðskapur í hátíðarinnar? Að fagna fjölbreytileikanum.

Hvað finnst þér ábótavant í viðhorfi almennings gagnvart samkynhneigðum einstaklingum? Það sem fer hvað mest í taugarnar á mér er hve oft ef ekki alltaf er gert ráð fyrir því að ég sé gagnkynhneigð og þarf sífellt að koma út úr skápnum. Þau viðhorf gætu breyst ef hommar, lesbíur og transfólk væru sýnilegri í skóla- kerfinu og það væri ekki alltaf gert ráð fyrir að allir eigi mömmu og pabba og að strákar verði skotnir í stelpum og öflugt. Annars finnst mér samt viðhorf fólks oftar

jákvæð frekar en neikvæð þegar ég tala um að ég sé lesbía og ég lendi sjaldnar og sjaldnar í því að fá allskyns óviðeigandi spurningar varðandi kynhneigð mína.

Ef þú gætir breytt einhverju einu í dag í réttindum samkynhneigðra hverju myndir þú breyta? Ef við erum að tala á heimsvísu er það alveg ótrúlega margt sem ég myndi vilja breyta. Fyrst og fremst myndi ég vilja að dauðadómur vegna kynhneigðar eða kynvitundar væri hvergi að finna. Á Íslandi myndi ég vilja auðvelda samkynhneigðum þörum að ættleida börn með því að gera samninga við þau lönd sem leyfa samkynhneigðum að ættleida en eftir því sem ég best veit erum við ekki með neina samninga við lönd sem leyfa það.

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

A þriðjudag hófust **Hinsegin dagarnir** en hátíðarhöldin ná væntanlega hámarki á laugardag þegar **Gleðigangan** fer fram en hún endar með **Útihátíð** við **Arnarhól**. **Arna, Gummi** og **Birna Hrönn** ætla öll að taka þátt í göngunni ár en **Monitor** ræddi við þau um **Hinsegin dagana**.



ARNA ARINBJARNAR-DÓTTIR
 Fyrstu sex í kennitölu: 291286.
 Staða: Nemi.
 Lag á heilanum þessa stundina: My Favorite Things.
 Uppáhaldskvikmynd: Mean Girls.


 EIN ÍSKÖLD BEINT
 ÚR SKÁPNUM!

SÚKKU
 LAÐI
 MJÓLK

Gæti ekki v



Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Ég fór til Barcelona að spila með Sisý Ey á Sonar í júní.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Ég fékk mér fisk á Askí um daginn.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Ég hef ekki horft mikið á bíómyndir undanfarið, horfi meira á þætti og mæli sérstaklega með Orange Is the New Black. En ég fór síðast í bíó á Heat.



Síðasti hlutur sem ég keypti mér: Ég var að kaupa mér hring í Nostalgiu fyrir þessa myndatöku.



Síðasta húsverk sem ég innti af hendi: Ég bjó um rúmið mitt í morgun.



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti *vaent* um hann: Bara í gærkvöldi við fjölskylduna mína. Ég er mjög dugleg við að segja fólki frá því.



og í New York?

Já, mjög mikill munur. Fyrir utan það hvað það var ótrúlega heitt í New York, þá er bara allt önnur stemning þar. Í New York er fólk meira bara að ganga sína leið og þælir lítið í hlutum eins og götuspilurum í umhverfinu. Það var dálítið skrytið fyrst en svo lærði maður bara á það.

Hvað er þetta með þig og letidýr?

Mér finnst þau bara snilld. Ég er stundum kölluð letidýr.

Hefur það þá eitthvað með það að gera að þú sért löt?

Nei, það er aðallega af því að ég þyki svo hæg. Letidýr eru ekkert löt, þau eru bara sjúklega „slow“. Ég er það víst líka, svona oft og tíðum allavega. Ég myndi segja að það væri draumurinn að eignast letidýr einn daginn.

Framundan eru Hinsegin dagar í Reykjavík og Sísý Ey treður upp á opunarhátíð í Hörpu í kvöld. Verður þú á vagni í Gleðigöngunni?

Ég hef reynt að mæta alltaf á þessa opunarhátíð alveg eins og ég hef reynt að taka þátt í Hinsegin dögnum með einum eða öðrum hætti undanfarin ár. Ég verð ekki á vagni í ár en ég hef verið á vagni. Þá var ég á vagni Q-bars, þegar hann var og hét, og var voðalega skrautleg og litrík.

Hvernig myndir þú lýsa stemningunni?

Hún er falleg. Það er mikil gleði í gangi og samkennd á meðal fólks.

Við búum í borg þar sem borgarstjórnin hefur beitt sér af krafti gegn fordómum í garð samkynhneigðra. Verður þú samt vör við fordóma eða einhver asnalegheit í garð samkynhneigðra?

Alls ekki mikið. Það hafa kannski alveg komið upp einhver augnablik en hvað þau mál varðar held ég að maður gæti ekki verið heppnari með stað til að búa á.

Hvernig var þín upplifun af því að koma út úr skápnum?

Ég var 15 ára þegar ég kom út úr skápnum og ég var í raun ótrúlega heppin með hvað það reyndist mér auðvelt. Ég kynntist stelpum sem voru þar, þær eru aðeins eldri en ég, og þá opnuðust augu mín fyrir því hvað þetta væri eðlilegt. Það voru aldrei neindir fordómar í mínu umhverfi en það var bara ekki jafnmikil umræða um þessa hluti þá og er núna, jafnvel þótt þetta sé bara fyrir 8 árum. Það var auðvitað tímabil þar sem ég þurfti að glíma við einhverja baráttu inni í mér en ég á mjög góða að og það skipti mig svo miklu máli að sjá svona frá fyrstu hendi hvað ást milli tveggja stelpna var alveg jafneðlileg og hver önnur ást.

Þú talar um innri baráttu. Leið langur tími milli þess sem þú fattaðir að þú værir samkynhneigð þar til þú komst út úr skápnum?

Einhver hluti af mér vissi það kannski um fermingaraldur en, alveg eins og margir sem ég þekki sem voru í svipuðum sporum, þá vissi ég alveg að það væri eitthvað öðruvísi en ég kom ekkert endilega fingri á að það væri endilega akkúrat þetta.

Eins og ég segi, þá átti ég líka bara gott fólk að sem tók þessu sem sjálfsgöðum hlut. Svo held ég reyndar að þetta hafi kannski ekki komið fólk neitt stórkostlega á óvart. Ég held til dæmis að systur mínar hafi verið búnar að kveikja á þessu töluvert fyrr, þær þekka mig voða vel.

Hafðir þú verið skotin í strák fram að þessu?

Já, alveg að einhverju leyti, en bara meira skotin í stelpum (brosir).

Ert þú í sambandi?

Nei.

Hvað með skólamálin, fórst þú í menntaskóla að loknum grunnskóla? Hyggst þú mennta þig í tónlist?

Já, ég fór í MH í tvo mánuði en hætti svo eftir tvo mánuði af því að ég var orðin hálfheltekin af tónlist. Það er eiginlega bara fyrst núna sem það hefur farið að vakna einhver áhugi hjá mér til að læra eitthvað, og byrjunin á því gæti verið að fara til New York, eins og ég nefndi.

Svo það er nóg á döfinni?

Já, það eru góðir tímar framundan. Við í Sísý Ey erum náttúrliga að spila á Gay Pride og svo erum við að fara út til Danmerkur og Noregs í september að spila á einhverjum hátíðum. Svo er ég bara að vinna í minni eigin tónlist með vini mínum, Intro Beats, sem ég hlakka mikið til að gera meira með.

Myndir þú segja að það væri nauðsynlegt fyrir íslenska tónlistarmenn að vera í nokkrum verkefnum í einu til að hafa nóg að gera?

Ég held það. Ég finn allavega að mér líður best þegar líf mitt snýst um tónlist og ef Guð lofar verður það þannig það sem eftir er.

KVIKMYNDIR

Myndin sem ég get horft á aftur og aftur: Royal Tenenbaums.

Myndin sem ég væli yfir: Ég vældi síðast yfir The Intouchables.

Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir: Anchorman.

Uppáhaldsmyndin mín í æsku: E.T.

Versta mynd sem ég hef séð: Ég fór Fast and the Furious 6 um daginn. Hún er ofarlega á þeim lista.

**TÓNLIST**

Lagið í upphaldi þessa stundina: Dreams með Fleetwood Mac.

Lagið sem kemur mér alltaf í gott skap: Hallelujah Anyway með Candi Staton.

Lagið sem ég fíla í laumi: Euphoria með Loreen.

Lagið sem ég syng í karóki: Gangsta's Paradise með Coolio.

Nostalgiulagið: Ready or Not með Fugees.

**FORM OG FÆÐI**

Uppáhaldsmatur: Indverskur matur.

Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á: Eitthvert grænmeti.

Versti matur sem ég hef smakkað: Hákarl eða eitthvert svoleiðis ógeð.

Líkamsræktin mín: World Class.

Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum: Ég held að ég geti sagt að ég eigi bókstaflega ekkert stolt augnablik sem varðar íþróttir.



... það skipti mig svo miklu máli að sjá svona frá fyrstu hendi hvað ást milli tveggja stelpna var alveg jafneðlileg og hver önnur ást.



FYRIR STERKAR OG HREINAR TENNUR



TYGGÐU EXTRA
EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ

 Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylytols sem
aðalsætuafnis í tyggigúmmii



Lisa Hafliðadóttir
lisa@monitor.is



5 SNYRTIVÖRUR SEM ÉG GÆTI EKKI VERIÐ ÁN

Dior-maskari: Ég hef notað þennan maskara síðan ég byrjaði að mála mig. Ég hef keypt aðra inn á milli og reynt að skipta en ég enda alltaf með þennan. Langbestur.

Diptyque-ilmvatn: Keypti mér þetta fyrir í vor og ég elska lyktina af því. Mér finnst þetta ekki hefðbundin ilmvatnslykt en það er alltaf gaman að breyta til.



Kiehl's-andlitskrem: Vörurnar frá Kiehl's eru mínar uppáhalds og henta minni húð mjög vel. Húðin mín glansar mikið og þetta krem heldur henni mattri yfir daginn.



Pure Abundance-hársprey frá Aveda: Ég hef notað þetta í mörg ár og það gefur mínu slétta hári mikið líf.

Burts Bees-varasalvi: Þessi varasalvi er snilld, hann er með lit og næringu þannig ég er aldrei þurr á vörnum lengur. Hann kemur næstum því í staðinn fyrir vaselín.



Elskar allt sem líkist

Edda Gunnlaugsdóttir er með puttann á púlsinum þegar kemur að tísku og hönnun og er ávallt flott til fara. Edda hrærist mikið í tískuheiminum og er hún að læra textíl við London College of Fashion. **Stíllinn** fékk að kíkja í fataskápinn hjá Eddu.

Hver er Edda Gunnlaugsdóttir? 22 ára Garðbæingur, búsett í London. Ég læri textíl við London College of Fashion.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? Mér finnst það alltaf jafn erfitt. Ég myndi segja að hann væri blanda af ýmsu, jafnvel rokki og einnig er ég stundum smá-hippaleg. Ég held ég sé oftast í rifnum gallabuxum, skyrtum og ökklastígvélum.

Hefur þú mikinn áhuga á tísku? Já, ég leyfi mér að segja það. Ég hrærist mikið í þeim heimi, það er óumflýjanlegt fyrir mig þar sem ég er að læra um tísku og hönnun.

Hvar kaupir þú helst fötin þín? Þar sem ég hef búið í London undanfarnir tvö ár þá hef ég keypt mest allt þar. Ætli flest sé ekki frá Topshop, Zöru, Free people og All Saints. Síðan er ég stundum heppin í Beyond Retro og á Portobello Market. Hér á landi myndi ég segja að GS-skór, Nostalgiá og GK væru uppáhalds búðir mínar.

Hvert er uppáhalds tískutrendið þitt þessa dagana? Ég elska allt sem líkist aðeins náttfötum, föt helst úr silki og í fallegum litum. Ég er einnig hrifin af stórum yfirhöfnum, köflóttu og teinóttu fyrir veturinn.

Hvað er ómissandi að að eiga í fataskápnum fyrir haustið? Að mínu mati er það falleg, hlý kápa og helst í öðrum lit en svörtum. Ég ætla að reyna að finna mér einhverja frekar stóra, í dökkbláum eða ljósbleikum lit.

Hvað er það sem þú tekur fyrst eftir varðandi klæðnað annarra? Ég held það sé hvernig fólk setur hlutina saman, litina sérstaklega. Mér finnst gaman að sjá fólk sem eltir ekki alfarið tiskustrauma og hefur sinn eigin stíl.

Hver er best klædda kona í heimi? Mary-Kate Olsen.

Hvað er einna helst á döfinni hjá þér í haust? Byrja nýtt ár í skólanum. Þar er mjög mikið að gera en ég er spennt að byrja aftur eftir sumarfrí.

Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvernig húðflúr myndir þú fá þér og hvar? Ég myndi fá mér eitthvað mjög lítið og líklegast á ökkklann, mér finnst það fallegur staður. Annars myndi ég seint fá mér húðflúr þannig ég þarf ekki að velta mér mikið upp úr þessu.



UPPÁHALDS

LEÐURJAKKI, KJÓLL OG SKÓR: ALL SAINTS
HÁRBAND: MIKE GONZALES/NEW YORK

UPPÁHALDS SKARTGRIPIRNIR



Spúútnik hálsmen: Ég keypti þetta hálsmen fyrir nokkrum árum og mér finnst það alltaf jafn flott. Ég elska litina í því og það passar við ótrúlega margt.

Hringir: Hvítir hringurinn er frá Orr og ég fékk hann frá kærastanum mínum. Bleiki hringurinn er frá Yves Saint Laurent, keyptur í London.



Hnöttur: Foreldrar mínir gáfu mér þetta hálsmen þegar ég útskrifaðist og mér þykir mjög vænt um það.



HVERSDAGS

SKYRTA: IRO
BUXUR: TOPSHOP
SKÓR: ALL SAINTS

Nýjasta flíkin: Ég keypti þennan skyrtukjól í KronKron fyrr í sumar og ég elska hvað hann er risastór. Hann er frá Peter Jensen.

Mest notaða flíkin: Þessi ljósbleiki leðurjakkí frá Maje hefur verið ein mest notaða flíkin mín síðustu mánuði. Hann gerir mikið fyrir annars litlaust 'outfit'.



náttfötum



ÚT Á LÍFIÐ

BOLUR: ISABEL MARANT
LEÐURBUXUR: MARGIELA FYRIR H&M
HÁLSMEN: NOSTALGÍA
SKÓR: TOPSHOP



HVERSDAGS

SKYRTA: IRO
BUXUR: TOPSHOP
SKÓR: ALL SAINTS



Stjörnustríð

Vanessa Hudgens vs. Whitney Port
 Þessum sæta og sumarlega kjól klæddust skuturnar tvær á dögnum. Peysan sem Whitney bindur um mittið á sér passar ekki nógu vel við kjólinn en heildarútlit Vanessu gengur hinsvegar fullkomlega upp.

Jessica Alba vs. Rihanna
 Ofur skvisurnar eru hippalegar og flottar í þessum gallasmekkbuxum og leitar Rihanna aðeins meira til fortíðar í tískunni en Jessica heldur sig í núinu. Báðar eru þær töffaralegar og "púlla" þetta fullkomlega.



Victoria Beckham vs. Kate Moss
 Victoria og Kate eru líklega þær einu sem komast upp með það að klæðast þessum Louis Vuitton-náttkjól á almannafæri enda líta þær hrikalega vel út í honum og ekki hægt að gera upp á milli þeirra.



Katy Perry vs. Khloe Kardashian Odom
 Þær Katy og Khloe klæðast þessum himinbláa Celine-kjól afar ólíkt. Katy hefur hann víðan og er með hálsmen við hann en Khloe hefur hann þrengri og það kemur mun betur út að mati Stúlsins.



villikottur #dalurinn



iheartreykjavik Kiki #reykjavik #iceland #reykjavikpride



ingibjorgjenny Ég, bananarnir og hvítvínsflaskan á Þjóðhátíð!
#dalurinn #þjóðhátíð2013



#monitormynd

Sérð þú lífið í filter? Monitor líka! **villkottur** á þessa góðu mynd vikunnar sem tekin var á Þjóðhátíð og fær hún bíómiða að launum sem hún getur nálgast í Hádegismóum 2.

Ert þú í Instahring Monitor?
Merktu þína mynd með **#monitormynd** og vertu með í gleðinni. Myndirnar birtast sjálfkrafa **monitor.is** auk þess sem sniðugir Instagrammarar geta nælt sér í glaðning því í hverri viku útnefnum við **Monitormynd vikunnar**.




thorunnantonia Champagne o'clock #imonaboat



tommithedog Working my new haircut #stylish #short #fresh #theladiesloveme #workingit #lovinglife #monitormynd #ellenshow #puppy #dog #tommithedog



reykjavikpride The crowd at Reykjavik Pride 2011, up to 100 thousand people. Photo by Alisa Kalyanova. #reykjavikpride



unistefson sígó.x.tunnel #myrarbolti




valarunv Menn búnir því á Þjóðhátíð #dalurinn #allin #monitormynd @saedisdrofn



trendpattra Moment of the day #önugur #eagle #trendnet #monitormynd

HJÓLAÐU TIL SIGURS MEÐ PODIUM® ▶



▶ Án BPA (bisfenóls A)



▶ NÁÐU HÁMARKSÁRANGRI:
EF LÍKAMINN FÆR NÆGAN VÖKVA
MÁ HALDA HJARTSLÆTTINUM
LENGUR NIÐRI

CAMELBAK® PODIUM® CHILL

Tvöfalt kaldara vatn og engin hættu á leka. Vatnspéttu og tvöföldu Podium® kælibrúsarnir halda vatninu köldu tvisvar sinnum lengur en venjulegir brúsar. Kalt vatn er líka svo miklu meira frískandi, hvort sem er á vegum úti eða í óbyggðum, sem hvetur þig til að drekka og eykur afköstin.

VEL BÚIN VATNI Í BAK™ OG FYRIR

KYNNTU PÉR MÁLIÐ Á CAMELBAK.COM/IN-PODIUMCHILL

CAMELBAK®
GOT YOUR BAK

Útsöluastaðir:

Útilíf utilif.is • Afreksvörur afrek.is • Intersport intersport.is • Örninn orninn.is • Markið markid.is • Kría Hjól kriahjol.is • GÁP Fjallahjólubúðin gap.is

GÓÐ SAMSKIPTI



AÐ SETJA SIG Í SPOR ANNARRA

**AÐ GLEYMA ÞVÍ ALDREI AÐ ANNAD FÓLK HEFUR
ÞARFIR OG SKOÐANIR SEM ERU ÖÐRUVÍSI EN OKKAR**

ÞOLINMÆÐI, ATHYGLI, VIRÐING

HUGGREKKI

**AÐ LEIÐA FREKAR EN SKIPA
MUNA HLUTI SEM SNÚAST UM AÐRA**



★ GÓÐ SAMSKIPTI BÆTA LÍFIÐ ★

**OG ÞAU VERÐA TIL
HJÁ OKKUR SJÁLFUM**

